

VEGAGERÐIN	
Norðurland eystra	
Mótt. 13 APR. 2007	
Skjalalykill	1021
Málsnr.	2004030050

 2006120050
7502; 9310

 Vegagerðin
Helga Aðalgeirsdóttir
Miðhúsavegi 1
600 Akureyri

Reykjavík, 12. apríl 2007

/-

Efni: Norðausturvegur til Vopnafjarðar, Brunahvammsháls - Vopnafjörður, frummatsskýrsla

Skipulagsstofnun hafa borist umsagnir frá Vopnafjarðarhreppi, Byggðastofnun, Ferðamálastofu, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Austurlands, Landbúnaðarstofnun - veiðimálastjórn, Landgræðslu ríkisins, Skógrækt ríkisins, Umhverfisstofnun og Veðurstofu Íslands. Ennfremur hafa stofnuninni borist athugasemdir Ásmundar Aðalsteinssonar, Kópavogi, Páls Aðalsteinssonar, Vopnafirði, Péturs Valdimars Jónssonar, Teigi, Vopnafirði, Rósu Aðalsteinsdóttur, Ási, Vopnafirði og Sigþórs Þorgrímssonar, Búastöðum, Vopnafirði.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir frummatsskýrslu og ofangreindar umsagnir og athugasemdir. Hér að neðan eru tilgreind atriði í umsögnum og athugasemdum sem Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að framkvæmdaraðili taki skýra afstöðu til í matsskýrslu, auk þess að gera grein fyrir og fjalla um aðrar ábendingar sem fram hafa komið í umsögnum og athugasemdum. Um framsetningu umsagna, athugasemda og afstöðu framkvæmdaraðila til þeirra í matsskýrslu bendir Skipulagsstofnun á kafla 4.4.5 og 4.4.6 í leiðbeiningum stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda sem er að finna á: www.skipulag.is.

Veglínur

Í athugasemdum Péturs Valdimars Jónssonar er tillaga um breytta legu Millidalaleiðar þar sem hún þverar Teigsá.

Í athugasemdum Ásmundar Aðalsteinssonar og Péturs Valdimars Jónssonar eru gerðar tillögur um breytta legu vegar um Hofsárdal.

Í athugasemd Sigþórs Þorgrímssonar er gerð tillaga um breytta legu vegar um Vesturárdal á milli stöðva 35600 og 36500.

Skipulagsstofnun telur að Vegagerðin þurfi að taki afstöðu til þessara kosta.

Efnistaka

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að upplýsingar um efnistökusvæði eru takmarkaðar.

Skipulagsstofnun telur æskilegt að í matsskýrslu komi fram allar frekari upplýsingar sem kunna að liggja fyrir um einstaka námur. Í matsskýrslu þarf að taka afstöðu til námu AA-1 í árhjalla í landi Burstarfells sem Umhverfisstofnun telur að beri að endurskoða áform um vegna rasks á birkiskógi.

Veðurfarspættir

Í athugasemdum Ásmundar Aðalsteinssonar, Páls Aðalsteinssonar og Rósu Aðalsteinsdóttur er sérstaklega bent á að óæskilegt sé að fara upp Brunahvammsháls og Vesturárdalsleið vegna verra veðurs á þeirri leið en í Hofsárdal. Pokugjarnara sé á hálsinum, slæm veður séu þekkt undir Urðarfjalli, Vesturárdalsmegin og vitnað til ábúenda í Vesturárdal og íbúa á Brunahvammi.

Skipulagsstofnun telur að Vegagerðin þurfi að taka afstöðu til ábendinga heimamanna um áhrif veðurfarsþátta á færð.

Fuglalíf

Umhverfisstofnun telur að athuga verði betur hvort grípa megi til aðgerða til að draga úr hugsanlegum áhrifum á fálka, sem er tegund sem er á válista, en bæði vegagerð í Hofsárdal og Vesturárdal geta haft neikvæð áhrif á fálka að mati Náttúrustofu Austurlands. Hafa eigi samráð við Náttúrufræðistofnun Íslands um það til hvaða aðgerða megi grípa til að draga úr hugsanlegum áhrifum á fálka.

Í athugasemdum Páls Aðalsteinssonar er bent á grágæsavarp við Skógalón og varpstað smyrils austur af Norður Skálanesi.

Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun um að Vegagerðin þurfi að hafa samráð við Náttúrufræðistofnun Íslands um mögulegar aðgerðir til að draga úr hugsanlegum áhrifum á fálka.

Gróðurfar

Í umsögn Landgræðslu ríkisins er bent á að fyrirhuguð vegagerð muni hafa talsverð áhrif á gróður, óháð því hvaða veglína er valin en vegna þess að heildaráhrif á gróður eru ekki dregin saman þá sé erfitt að taka afstöðu til mismunandi valkosta og veglína. Ástæða sé til að draga betur saman hversu mikið af mismunandi gróðurlendum fer undir mismunandi veglínur. Jarðvegur á hluta framkvæmdasvæðisins sé afar viðkvæmur fyrir jarðvegsrofi og sé ástæða til að fjalla um slíkt þar sem við á þar sem slíkar aðstæður geta haft í för með sér aukna hættu á jarðvegsrofi á framkvæmdatíma eða í kjölfar framkvæmda. Bent er á að uppgræðsla á sér stað nokkuð víða í nágrenni framkvæmdasvæðisins en ekki sé hægt að sjá í frummatsskýrslunni að hversu miklu leyti fyrirhuguð framkvæmd sé á uppgræðslusvæðum en mikilvægt sé að þar sem það gerist verði það bætt með fullnægjandi hætti. Tilgreina þurfi Landgræðslu ríkisins sem samráðsaðila á framkvæmdatíma vegna uppgræðslu og vals á tegundum til uppgræðslu, þar sem slík verkefni eru hennar lögbundna hlutverk.

Í umsögn Skógræktar ríkisins er bent á að gera þurfi grein fyrir mótvægisáðgerðum vegna fyrirsjáanlegrar skógareyðingar.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er vakin athygli á að ekki kemur fram í frummatsskýrslu hvar græða á upp land í stað þeirra gróðurlenda sem raskast eins og Vegagerðin áformar. Bent er á að verulegt rask verði á hallamýrum og telur Umhverfisstofnun að vert væri að leita leiða til

að draga úr áhrifum framkvæmdanna á votlendi, s.s. með færslu veglína. Þá telur stofnunin mikilvægt að ráðist verði í fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir, þ.m.t. að leggja veginn þannig að fyllingarefni verði úr grófu lagi neðst til að meiri líkur verði á að vatn seitlei í gegnum veginn. Umhverfisstofnun mælist til þess að ekki verði einungis gerð tilraun með fljótandi veg á ákveðnum kafla á nýjum vegi til Vopnafjarðar, sbr. umfjöllun á bls. 111 í frummatsskýrslu, heldur verði það verklag viðhaft á þeim köflum þar sem vegurinn liggur yfir votlendi / hallamýrar. Það væri því mjög áriðandi að kanna þessa aðferð áður en framkvæmdir hefjast. Gerð er athugasemd við Millidalaleið þar sem ekki hafi verið sýnt fram á nauðsyn þeirrar framkvæmdar en hún muni raska 11,8 ha af hallamýrum.

Skipulagsstofnun telur mikilvægt að í matsskýrslu komi fram niðurstaða samráðs um áðgerðir til að draga úr áhrifum veglagningar um votlendi/hallamýrar. Gera þarf grein fyrir því hvernig Vegagerðin hyggst taka á þessu máli. Fjalla þarf um hvort færsla veglínu á Vesturárdalsleið um Búastaði er raunhæfur kostur til að draga úr áhrifum á votlendi.

Í matsskýrslu er æskilegt að komi skýrar fram en gert er í frummatsskýrslu hvert sé flatarmál gróðurlendis sem fer undir veginn skv. einstökum kostum og áhrifasvæðinu skipt annars vegar í votlendi og hins vegar í þurrlendi. Gera þarf grein fyrir hvar sé, í samráði Landgræðslu ríkisins og landeigendur, áformað að endurheimta gróðurlendi í staða þurrlendisgróðurs sem tapast. Greina þarf frá samráði við Skógrækt ríkisins vegna endurheimtar á birkiskógi. Þá þarf að rökstyðja nánar þörf fyrir Millidalaleið og birta þær upplýsingar sem Umhverfisstofnun kallar eftir.

Jarðmyndanir

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að jarðmyndanir, einkum merki um hörfunarsögu jökuls í lok ísaldar en einnig strandhjallar og árhjallar, séu sérstæðar minjar sem verði fyrir talsverðu raski, en ekki óverulegu, eins og niðurstaða frummatsskýrslu sé.

Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu þurfi að fjalla nánar um áhrif einstakra leiða á jarðmyndanir í ljósi umsagnar Umhverfisstofnunar.

Náttúruverndarsvæði

Umhverfisstofnun bendir á að Skógalón sé á Náttúruminjaskrá og að þar sem vegur muni liggja meðfram lóninu eigi að gera ráð fyrir að lónmegin verði ekki um að ræða jarðrask utan við það svæði sem þarf fyrir vegfyllingar.

Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu þurfi að taka afstöðu til þessarar ábendingar Umhverfisstofnunar.

Núverandi vegur

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telur ekki óeðlilegt að vegur að útsýnisstað á Burstarfelli verði áfram opin og því ekki fjarlægður enda um að ræða veg sem m.a. nýtist ferðamönnum að sumarlagi. Stofnunin telji hins vegar að ekki liggi fyrir nægjanleg rök fyrir því að aðrir aflagðir vegkaflar verði ekki fjarlægðir svo sem vegna útivistar eða aðkomu að eyðibýlunum og gangnamannakofanum.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að vart geti talist ásættanlegt að vegur sem kynntur var sem bráðabirgðavegur í frummatsskýrslu, Norðausturvegur, Hringvegur – Brunahvammsháls, frá árinu 2000 og fjarlægja skal þegar endanlegur vegur verður lagður

verði látinn standa áfram. Úrskurður um mat á umhverfisáhrifum hafi byggst á því hver yrðu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar að teknu tilliti til fyrirhugaðra mótvægisáðgerða, sem m.a. voru þær að bráðabirgðavegurinn yrði fjarlægður, sbr. umfjöllun í 4. kafla frummatsskýrslunnar (Fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir). Umhverfisstofnun telur að ekki verði séð að nauðsynlegt sé að falla frá framangreindum mótvægisáðgerðum. Hvað varðar áformuð not af veginum til búfjársmölunar, landgræðslu og útivistar telur stofnunin að sýna verði fram á hvers vegna vegurinn er nú talinn nauðsynlegur til þeirrar landnotkunar en var það ekki þegar frummatsskýrslan var lögð fram á sínum tíma. Þá telur stofnunin rétt að gerð verði grein fyrir hvernig staðið hefur verið að búfjársmölun, landgræðslu og útivist þau ár sem bráðabirgðavegurinn hefur verið í notkun fyrir almenna umferð.

Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu þurfi að fjalla nánar um þennan þátt framkvæmdarinnar eins og Umhverfisstofnun bendir á.

Vöktun

Í umsögn Umhverfisstofnunar er vakin athygli á að í frummatsskýrslu er ekki lögð fram áætlun um vöktun en t.d. þurfi að fylgjast með því hvort tilraunir með gegndræpt lag neðst í veginum sem lagður verður dragi úr neikvæðum áhrifum vegagerðar á votlendi. Þá þurfi að fylgjast með árangri af endurheimt gróðurlenda.

Skipulagsstofnun telur að fjalla þurfi um þetta í matsskýrslu.

Umferð búfjár.

Í athugasemdum Péturs Valdimars Jónssonar er bent á að í frumamtsskýrslu sé ekki fjallað um gerð undirganga fyrir búfé sem gera þurfi að höfðu samráði við bændur. Einnig er bent á þörf fyrir girðingar meðfram vegi á öllum leiðum.


Í athugasemd Sigþórs Þorgrímssonar er bent á að vegræsi í landi Búastaða verði höfð fjárgeng.

Skipulagsstofnun telur að fjalla þurfi um þetta í matsskýrslu.

Sorpurðunarstaður.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Austurlands er bent á að nauðsynlegt sé að meta veglínu á leið 1b á bökkum Nýpslóns vegna nálægðar við sorpurðunarstað. Kanna þurfi hvort veglínan liggir um svæði sem þegar hefur verið urðað í, hugsanlega mengun af sigvatni, sjónlínu inn á núverandi urðunarstað og hvort finna þurfi nýjan urðunarstað.

Skipulagsstofnun telur að fjalla þurfi um þetta í matsskýrslu.


Þóroddur F. Þóroddsson